

Góðan daginn

Á fundi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs 17. jan. sl. var veitt eftirfarandi bókað vegna umsagnar um neðangreint frumvarp.

m. kv.

Stefán Bragason

### **201712094 - Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga**

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Í f. lið 3. gr. og 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögleidd verði skylda sveitarfélaga til að setja á fót notendaráð þeirra sem nýta félagsþjónustu og einnig sérstök öldungaráð.

Rökstuðningur fyrir nauðsyn þessara ráða er mjög lítill. Ekki verður séð að neitt kalli á svo ríkt inngrip í stjórnslu sveitarfélaga í málaflokknum. Í greinargerðinni kemur raunar fram að nokkur sveitarfélög hafi stofnað slík ráð. Því má ætla að þau sveitarfélög sem telja að þetta fyrirkomulag henti vel muni gera það og engin ástæða sé til að lögfesta skyldu til þess.

Ávinningur af stofnun slíkra ráða er mjög óljós, sérstaklega þegar horft er til þess að annarsstaðar í lögunum er lögfest mjög rík skylda til samráðs við hagsmunasamtök notenda þjónustu sveitarfélaganna á þessu sviði. Hins vegar má gera ráð fyrir að utanumhald með starfsemi og fundum slíkra ráða geti kallað á umtalsvert vinnuframlag þeirra starfsmanna sem sinna málaflokknum hjá sveitarfélögum og er varla á það bætandi í mörgum tilfellum.

Samráð við notendur er mikilvægt og nauðsynlegt til að tryggja farsæla þróun og framkvæmd hennar. Þetta samstarf og samráð er lögfest og tryggt með skynsamlegri hætti í öðrum ákvæðum frumvarpsins. Það er hreinlega óskynsamlegt að stofna til vinnu og kostnaðar í málaflokknum þegar sýnilegur ávinningur er í besta falli óljós og rökstuðningur fyrir slíkri breytingu ekki fyrir hendi. Í fámennri stjórnslu getur skuldbinding á borð við þessa kallað á verulega aukavinnu sem er skautað framhjá, eða að minnsta kosti fjallað um með léttúðugum hætti í því sem nefnt er kostnaðarmat í frumvarpinu.

Réttast er því að fella úr þau ákvæði sem lögbinda stofnun notendaráða út úr frumvarpinu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.